



*Prestur: Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Einsöngur: Bjarni Atlason
Söngur: Kammerkór Akranes Kirkju
Útfararþjónusta Akranes Kirkju*

*Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og vinarhug og býður
viðstöddum að þiggja veitingar í Vinaminni
að athöfn lokinni*



Sigurður Gunnarsson

*Fæddur 20. júní 1929
Dáinn 3. september 2021*



*Útför frá Akranes Kirkju
þriðjudaginn 14. september 2021*

Forspil

*Söknuður
Jóhann Helgason*

Bæn

Á hendur fel þú honum,
sem himna stýrir borg,
það allt, er áttu' í vonum,
og allt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her,
hann fótstig getur fundið,
sem fær sé handa þér.

Ef vel þú vilt þér líði,
þín von á Guð sé fest.
Hann styrkir þig í stríði
og stjórnar öllu best.
Að sýta sárt og kvíða
á sjálfan þig er hrís.
Nei, þú skalt biðja' og bíða,
þá blessun Guðs er vís.

Ó, þú, minn faðir, þekkir
og það í miskunn sér,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mér gagnlegt er,
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því allt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Gerhardt - Björn Halldórsson

Ritningarorð

Ó, ást, sem faðmar allt! Í þér
minn andi þreyttur hvílir sig,
þér fús ég offra öllu hér,
í undradjúp þitt varpa mér.
Þín miskunn lífgar mig.

Ó, gleði', er skín á götu manns
í gegnum lífsins sorgarský.
Hinn skúradimmi skýjafans
er skreyttur litum regnbogans
og sólin sést á ný.

Ó, fagra lífsins ljós, er skín
og lýsir mér í gleði og þraut,
mitt veika skar það deyr og dvín,
ó, Drottinn minn, ég flý til þín,
í dagsins skæra skaut.

Ó, ég vil elska Kristi kross,
er kraft og sigur veitir mér.
Að engu met ég heimsins hnoss,
því Herrann Jesús gefur oss
það líf, sem eilíft er.
*Albert Lister Peace -
Sigurbjörn Sveinsson*

Ritningarorð

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Peir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyrri' í fjarska villtan vængjaþyrt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Atli Heimir Sveinsson - Davíð Stefánsson

Ritningarorð

Almennur söngur

Efst á Amarrvatnshæðum Og undir norðurásnum
oft hef eg fáki beitt; er ofurlítill tó,
þar er allt þakið í vötnum, og lækur líður þar niður
þar heitir Réttarvatn eitt. um lágan Hvannamó.

Á engum stað eg uni
eins vel og þessum mér;
ískaldur Eiríksjökull
veit allt, sem talað er hér.

Erlent lag - Jónas Hallgrímsson

Guðspjall

Einsöngur

*Rósin
Guðmundur Halldórsson - Friðrik Jónsson*

Minningarorð

Einsöngur

*Ave María
Sigvaldi Kaldalóns*

Bæn / Faðir vor

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta,
á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta

Margrét Scheving - 23. Davíðssálmur

Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina Ég lifi' í Jesú nafni,
upp vex á sléttri grund í Jesú nafni' eg dey,
fagurt með frjóvgun hreina þó heilsa' og líf mér hafni,
fyrst um dags morgunstund, hræðist ég dauðann ei.
á snöggu augabragði Dauði, ég óttast eigi
af skorið verður fljótt, afl þitt né valdið gilt,
lit og blöð niður lagði, - í Kristí krafti' eg segi:
líf mannlegt endar skjótt. Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

*Ísland er land þitt
Magnús Þór Sigmundsson - Margrét Jónsdóttir*